

Viljayfirlýsing um samstarf milli Lífvísindaseturs Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunar um erfðarannsóknir.

Háskóli Íslands, Lífvísindasetur (BMC-HÍ), kt. 600169-2039, og Hafrannsóknastofnun, kt. 470616-0830 gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu um samstarf og nýtingu á aðstöðu BMC-HÍ til vísindarannsókna.

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Stór hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Hafnarfirði en auk þess eru starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 190 starfsmenn í þjónustu sinni.

Lífvísindasetur HÍ byggir á samstarfi allra háskóla og nokkurra stofnana á Íslandi sem stunda rannsóknir á sviði sameindalífvísinda. Helsta markmið BMC-HÍ er að byggja upp aðstöðu og tækni sem er nauðsynleg fyrir rannsóknir á sviði lífvísinda og efla nám og þjálfun á sviðinu.


1. Markmið viljayfirlýsingarinnar er að efla rannsóknasamstarf milli BMC-HÍ og Hafrannsóknastofnunar við uppbyggingu erfða- og erfðamengjarannsókna í þágu beggja aðila. Lágmarks aðstöðugjald til BMC-HÍ gerir Hafrannsóknastofnun kleift að vakta ástand sjávar og ferskvatns í vísindalegum tilgangi í samvinnu við sérfræðinga BMC-HÍ (bestun tilrauna til að spara kostnað við raðgreiningar og greiningu raðgreiningargagna). Er með þessari viljayfirlýsingu lagður grunnur að virkri samvinnu milli BMC-HÍ og Hafrannsóknastofnunar sem m.a. getur falið í sér birtingu niðurstaðna á opinberum vettvangi, s.s. í alþjóðlegum vísindaritum og þróun frekara rannsóknarsamstarfs.
2. Sameiginlegt markmið beggja aðila er að efla erfða- og erfðamengjafræðirannsóknir í tengslum við vöktun á náttúruauðlindum sjávar og ferskvatns á Íslandi og stuðla þannig að aukinni þekkingu, verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu í kringum þessar auðlindir.
3. Aðstaða og tæki til rannsókna eru til staðar við BMC-HÍ. Innheimt verða aðstöðu- og þjónustugjöld sem verða nánar útfærð með samstarfssamningi. Aðstöðugjald felur í sér aðgang að aðstöðu til að standa straum af daglegum rekstri og viðhaldi tækja. Þjónustugjald felur í sér efnis- og launakostnað við meðhöndlun og greiningu sýna.
4. Niðurstöður rannsókna eru trúnaðarmál. Aðilar mega á engan hátt nýta sér rannsóknarniðurstöður hvors annars án samráðs og skriflegs samþykkis. Þegar við á (þegar báðir aðilar hafa lagt til vinnunnar) verða niðurstöður birtar sameiginlega.

5. Þessi viljayfirlýsing er ekki bindandi og leggur engar lagalegar eða fjárhagslegar skuldbindingar á aðila en staðfestir áhuga þeirra á að ná sameiginlegum markmiðum eins og lýst er að framan.

Reykjavík, 26. október 2023


Þorsteinn Sigurðsson
Forstjóri
Hafrannsóknastofnunar

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
og ráðgjafi Háskóla Íslands
Hafnarfjarðarvegur 5 | 220 Hafnarfjarður


Unnur Þorsteinsdóttir
Sviðsforseti
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUR
HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ